

Fjárfestingarfélag Þingeyinga hf. styrkir stöðu sína.

Í árslok 2024 gekk Fjárfestingarfélag Þingeyinga hf. frá eflingu félagsins með aukningu hlutafjár og aðkomu nýrra hluthafa. Er félagið þannig betur í stakk búið til að vera aflvaki verkefna á sviði nýsköpunar og fjárfestinga á starfssvæði sínu sem er í Þingeyjarsýslu. Með þessu er orðið til áttahagafjárfestir með þátttöku Byggðastofnunar líkt og er þegar til staðar í örðum landshlutum.

Félagið á rætur að rekja til Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf sem stofnað var 1984 og í eigu sveitarfélagana og atvinnulífsins á starfssvæðinu. Það félag rann að mestu inn í SSNE árið 2019 en eftir varð sá hluti þess sem haft hafði með Kísilgúr sjóð að gera. En félaginu var falin umsjón þess sjóðs um síðustu aldamót. Sá sjóður var fjármagnaður með hluta af námaleyfisgjaldi (auðlindagjaldi) Kísiliðjunnar og átti að stuðla að eflingu atvinnulífs á áhrifasvæði hennar ef hún hætti starfsemi. Starfsemi hans var þannig háttað að hann keypti hlutabréf í áhugaverðum fyrirtækjum á svæðinu og hafði myndast, af því, nokkurt eignasafn.

Eftir aukninguna eru Byggðastofnun og Norðurþing stærstu eigendur félagsins, með samtals 84,3% hlut, en auk þeirra eiga Langanesbyggð og Tjörneshreppur hluti auk Samtaka atvinnurekenda á Norðausturlandi og nokkurra einkaaðila.

Meðal félaga í eignasafni félagsins eru nú hlutir í Mýsköpun ehf, Mývatnsstofu ehf, GG2023 ehf, Hjörnesi ehf, Fjallambi hf. og Seljalaxi ehf og stofnfjárbref í Sparisjóði S-Þingeyinga.

Stjórn félagsins skipa Bergþór Bjarnason formaður og Björn S. Lárusson og Valdimar Halldórsson, meðstjórnendur. Framkvæmdastjóri félagsins er Pétur Snæbjörnsson.

„Hér er merkum áfanga náð og kominn nauðsynlegur áhrifavaldur, burðarás og drifafl til að örva fjárfestingar og nýsköpun í nærumhverfinu. Það hefur sýnt sig að fjárfestar líta til þess að heimamenn hafi forgöngu,- og forsvaraðila þegar kemur að fjárfestingum og nýsköpun í dreifðum byggðum. Nú er hann til staðar í Þingeyjarsýslu og ekkert að vanbúnaði að hefjast handa, framtíðin bíður með gnótt tækifæra sé rétt með farið“ segir Pétur Snæbjörnsson framkvæmdastjóri

„.....“ Segir Bergþór Bjarnason formaður